

SÁÁ BLAÐIÐ

edru

ÚTIHÁTÍÐ LAUGALANDI, HOLTUM
VERSLUNARMANNAHELGINA 1.-4. ÁGÚST 2014

Mammút
Laugalandi á föstudagskvöld

★ ★ ★
NÁNARI
UPPLÝSINGAR UM
ERDRÚHÁTÍÐINA
MÁ NÁLGAST Á
saa.is
★ ★ ★

LEIKHÓPURINN LOTTA
Hrói Höttur hittir Þyrnirós

BARNADAGSKRÁ
Það er frábært að vera barn á Edrúhátíðinni

EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR
Ólýsanleg nautn

DIMMA
Heitasta rokkhljómsveit landsins

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON
Grín og bingó í réttum hlutföllum

KK OG MAGGI EIRÍKS
Það er eitthvað sérstakt við Edrúhátíð

HEILSUSETRÍÐ
Viltu heilun, jóga eða gong?



→ DIMMA HEITASTA ROKKHLJÓMSVEIT LANDSINS SPILAR Á EDRÚHÁTÍÐ



Ingó Geirdal gítarleikari, Silli Geirdal bassaleikari, Stefán Jakobsson söngvari, og Birgir Jónsson trommuleikari skipa Dimmu.

Búnir að vera á miklu flugi



Þetta verða alvöru tónleikar, alveg fullur skammtur.

Þungarokkararnir í Dimmu eiga vinsælustu plötu sumarsins á Íslandi í ár. Vélráð heitir hún og hefur verið á eða við toppinn á listum yfir mest seldu plötur landsins frá því hún kom út fyrir sex vikum.

Dimma ætlar að spila á Edrúhátíðinni í ár líkt og í fyrra.

Gríðarlega skemmtilegt að spila á Edrúhátíð

„Það var gríðarlega skemmtilegt að spila á Edrúhátíðinni í fyrra, mjög góð stemmning,“ segir Ingó Geirdal, gítarleikari Dimmu. „Við þurftum ekki að hugsa okkur um tvisvar þegar við vorum beðnir að koma aftur í ár. Það fór ekkert á milli mála að þarna kann fólk að skemmta sér og þarf ekkert að gera í glasi til þess. Annars er munurinn á að spila á Edrúhátíð og annars staðar aðallega sá að þar er breiðari hópur og krakkarnir eru með, það er alltaf skemmtilegt þegar þeir eru með.“

„Við hlökkum gríðarlega til að sjá sem flesta og skemmta okkur saman án

áfengis á Edrúhátíðinni. Þetta verða alvöru tónleikar, alveg fullur skammtur.“

Dimma spilaði meðal annars á Eistnaflugi á Neskaupstað í byrjun júlí og verður aftur fyrir austan á Neistaflugi í byrjun verslunarmannahelgarinnar en heldur svo tónleika á Edrúhátíðinni á sunnudagskvöldi 3. ágúst.

Rosalegt ár

„Þetta hefur verið viðburðaríkt ár fyrir Dimmu. „Rosalegt ár. Við erum búnir að vera á miklu flugi undanfarið,“ segir Ingó.

Hljómsveitin hefur meðal annars haldið fimm tónleika fyrir fullu húsi í Hörpu á árinu, síðast tvenna útgáfutónleika fyrir Vélráð í byrjun júní. Platan fékk frábærar viðtökur, fór í efsta sæti lista yfir mest seldu plötur landsins og hefur verið við toppinn síðan.

„Við ákváðum um miðjan janúar að við ætluðum að taka sumarið með trompi í sumar og spila um allar trissur. Við erum búnir að gefa út tvær plötur á einu og hálfu ári og líka tvöfalda disk með DVD. Við erum búnir að vera á tónleikiferð síðan í byrjun júní og það hefur verið gríðarleg stemmning.“

→ BINGÓ ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON

Grín og bingó

Ég ætla að vera með bingó og svo verð ég með grín og uppstand inn á milli. Þetta verður sambland af gríni og bingói í réttum hlutföllum,“ segir Þorsteinn Guðmundsson grínisti sem ætlar að stjórna Fjölskyldubrandarabingói, fyrsta formlega dagskrárliði Edrúhátíðarinnar á föstudagskvöld. Eins og venjulega eru ýmsir veglegir vinningar í boði.

„Ég hef gert þetta áður. Ég hef stundum stjórnað bingói og þá er mjög viðeigandi að slá á létta strengi. Ég er líka með sýningu með Ólafiu Hrönn, þar sem við blöndum saman gríni, tónlist og bingói og

það er búið að prófa þetta út í hörgul.“

Þorsteinn hefur ekki áður stjórnað bingóinu á Edrúhátíð en fyrir utan áður nefnda sýningu hefur hann áralanga reynslu af því að stjórna bingói á foreldrakvöldum í Austurbæjarskóla.

„Þetta er mjög vinsælt. Krakkarnir hafa alltaf fengið að taka þátt og svona. Þetta verður skemmtilegt.“

Þetta verður skemmtilegt.“

Þetta verður skemmtilegt.“



ÖRVIÐTAL

Sunna April Ragnarsdóttir



Af hverju er svona gaman á Edrúhátíð?

Ég fór á edrú hátíðina fyrir 2 árum með dóttir minni og við skemmtum okkur svo vel. Nóg um að vera og heilbrigð skemmtun með edrú fólki.

Hvernig er að sofa í tjaldi?

Verð að viðurkenna að ég er ekki mikill tjaldtýpa :) Ætla koma og vera yfir daginn. Einn af kostunum við að vera edrú er að ég get keyrt heim um kvöldið.

Af hverju er gott að vera edrú?

Það er svo margt gott við að vera edrú en aðallega þá finnst mér lífið miklu fallegu eftir að ég varð edrú.

→ HELGI VALUR SPILAR Á EDRÚHÁTÍÐ

Meiri gæði þegar maður er edrú

Ég held að maður verði að standa sig betur þegar maður er að spila fyrir edrúfólk,“ segir Helgi Valur, sem kemur fram á Edrúhátíð. „Edrúfólk er mjög góðir áhorfendur og held að líka að maður sé spili betur þegar maður er edrú, þá eru meiri gæði í flutningnum.“

„Ég er búinn að vera edrú í 28 mánuði og er mjög stoltur alkohólísti, það hefur gefið mér mjög mikið að verða edrú,“ segir hann. „Ég var dottinn út úr músík, var bæði hættur að semja og geta komið fram og var ekki í jafnvægi til að geta verið „próduktívur“ í neinu. Það er æðislegt að geta skipulagt sig, verið traustsins verður, mætt þar sem maður segist ætla að mæta og geta staðið sig vel og þurfa ekki að skammast sín fyrir einhverja tónleika.“



Safnaði peningum fyrir plötu á netinu

Helgi Valur er að ljúka við að gera sína þriðju plötu, sem hann ætlar að gefa út í september. Hann ætlar að flytja tónlist af plötunni á Laugalandi: „Lögin á þessari plötu eiga það sameiginlegt að vera öll samin á tímum bataferlis frá alkohólisma og geðveiki,“ segir hann um plötuna. „Frá vetrum angistar til sumra alsælu er öruggt að þessi plata mun bjarga að minnsta kosti einu lífi.“

Helgi Valur fjármagnaði gerð plötunnar með söfnun á Karolina Fund, vefsíðu sem aðstoðar listamenn og frumkvöðla við að fjármagna ýmis

verkefni. Hann vantaði 2.500 evrum til að eiga fyrir plötunni en tókst að safna rúmlega 3.000 evrum.

„Mig vantaði hjálp við að láta bernskudraum rætast, að gefa út tónlistina mína á vinyli. Það hefur ávallt verið draumur minn í lífinu að vera gefinn út á vinyli,“ segir Helgi Valur. „Gömlu vinylplötturnar eru að koma aftur og það er mikil gróska í vinylútgáfu núna. Þetta var draumur sem ég ólst upp við að hafa tónlistina í áþreifanlegu formi – á vinyli. En hún verður líka gefin út á geisladisk.“

Flytja Heilsusetur úr Þykkvabæ á Laugaland

Heilsuatriði í Þykkvabæ flytur sig um set um verslunarmannahelgina og verður með bæktistöðvar á Edrúhátíðinni. Sex konur viðs vegar að úr Rangárvallasýslu standa saman að Heilsuasetrinu og bjóða upp á margs konar meðferðir sem standa munu gestum Edrúhátíðar til boða.

Meðal annars bjóða þær upp á höfuðbeina- og spjaldhryggsméðferð,

heilun, regndropameðferð og Natdropameðferð. Einnig herðanudd.

Þá ætlar Arnbjörg K. Konráðsdóttir að vera með tíma í Kundalínijóga og Gong slökun, sem er sögð vera frábær slökunaraðferð.

Erna Jóhannesdóttir mun kenna indíánadans.

Sigríður spákona frá Heilsuasetrinu ætlar að spá fyrir þeim sem vilja.

ÖRVIÐTAL

Grimur Atlason



Af hverju er svona gaman á Edrúhátíð?

Tónlist er svo dásamlegt fyrirbæri. Að njóta hennar edrú með öðrum sem líka eru edrú er munaður okkar sem erum edrú.

Hvernig er að sofa í tjaldi?

Ég fékk í gjöf 202 cm af mér. Það gengur stundum brösuglega að koma þeim öllum fyrir í tjaldi. En ástin mín, hún Helga Vala, keypti sannkallaða höll síðast þegar tjald

var keypt þannig að það er bara dásamlegt að sofa í þeirri höll - nema þegar vindsængin lekur.

Af hverju er gott að vera edrú?

Af því að það hefur gefið mér allt. Á fundi skólalastjórnar var sagt um mig fyrir rúmum 24 árum: „Samfélagið verður að taka við svona mönnum.“ Börnin mín hafa aldrei hitt þennan mann og fæstir muna þetta - en ég þakka fyrir lífgjöfina á hverjum degi.

Þarf ekki vörn á Edrúhátíð

„Það er eitthvað sérstakt við Edrúhátíð,“ segir KK sem ætlar að spila með Magga Eiríks á Edrúhátíð. KK er á heimavelli á hátíðinni.

„Það sem sló mig í fyrsta skipti sem ég fór á Edrúhátíð var hversu öruggur maður var með börnin sín þarna,“ segir KK. „Þegar maður fer á útihátíð og setur upp tjald fer maður ósjálfrátt í svolitla vörn og setur sig í stellingar en ég fann að ég gat

slépt öllu slíku á Edrúhátíð. Það er ekkert stríðsástand og það þarf ekkert að vera í vörn.“

KK og Magga Eiríks þarf varla að kynna, þeir eru tveir af þekktustu lagahöfundum landsins og hafa gefið út sjö plötur saman frá því að samstarf þeirra hófst árið 1996. „Við spilum ennþá mikið saman, við Maggi, minnst einu sinni, tvisvar í mánuði,“ segir KK. „Svo á milli er

hann með sinni hljómsveit og ég með minni, eða þannig.“

KK mun líka spila við ædruleysis- guðsþjónustu Davíðs Þórs Jónssonar guðfræðings á sunnudeginum.

KK og Magga Eiríks hafa gefið út sjö plötur saman.



ÖRVIÐTAL

Rebekka Pálsdóttir



Hvað er best við sumarið?

Það sem mér þykir best við sumarið eru ferðalögin, tíminn með dóttur minni og það að fá að njóta þess að slaka á. Blómailmurinn, léttleikinn í fólkinu. Hjá mér er sól í hjarta, þótt svo hún sjáist ekki mikið þetta sumarið, enn sem komið er.

Sefurðu í tjaldi?

Já, ég sef í tjaldi. Það er viss stemning í því að tjalda, einhverjar gamlar minningar frá því maður var barn.

Hversvegna ferðu á Edrúhátíð?

Ég kys að velja Edrúhátíð þar sem ég vil vera góð fyrirmynd fyrir dóttur mína sem og aðra. Ég kys að vera í kringum fólk sem velur það að skemmta sér án áfengis, sameinuð heild með það eitt í huga að hafa gaman og eignast góðar minningar. Dagskráin fyrir hátíðina er einnig mjög heillandi og ég er viss um að við mæðgur eigum eftir að njóta vel.

ÖRVIÐTAL

Halldór K. Snorrason



Af hverju er svona gaman á Edrúhátíð?

Það er svo gaman að gleðjast með öðrum.

Hvernig er að sofa í tjaldi?

Fínt.

Af hverju er gott að vera edrú?

Þá græða allir og ekki síst ég.

ÖRVIÐTAL

Íris Guðmundsdóttir



Hvað er best við sumarið?

Ilmurinn af nýslegnu grasi og bóndarósum.

Sefurðu í tjaldi?

Hef uppfært mig í fellihýsi...sökum aldurs.

Er gott að vera edrú?

Dásamlegt þegar ég lifi eftir andlegum lögmálum.

→ **LEIKHÓPURINN** LOTTA EDRÚHÁTÍÐ

Hrói Höttur og Þyrnirós saman í ævintýrum

Víð erum að koma á Edrúhátíð í þriðja skiptið í sumar og við hlökkum mikið til,“ segir Anna Bergljót

Thorarensen, sem er ein af aðstandendum Leikhópsins Lottu, sem sýnir sitt nýjasta leikrit, Hróa Hött, á Edrúhátíðinni klukkan 16 á sunnudeginum.

Anna Bergljót var að búa sig undir sýningu á Kirkjubæjarklaustri þegar við töluðum við hana en þar var að hefjast 40. sýning sumarsins á Hróa Hetti.

Allir þekkja söguna um Hróa Hött en í útgáfu Leikhópsins Lottu gerast óvæntir hlutir. Meðal annars fléttast Þyrnirós inn í atburðarásina og úr verður skemmtilegt verk sem hefur verið sýnt um land allt í sumar við frábærar undirtektir barna og foreldra.

Sex leikarar taka þátt í sýningunni og skipta þau tólf hlutverkum á milli sín. Lifandi tónlist, söngur og dans er hluti af sýningunni. Anna Bergljót er höfundur verksins og þetta er fjórða leikritið sem hún skrifar fyrir Leikhópin Lottu. Leikstjóri er Vignir Ragn Valþórsson. Félagar í leikhópnum semja tónlistina sjálfir en textar eru eftir Sævar Sigurgeirsson.

Nýtt verk á hverju sumri

Leikhópurinn Lotta hefur sett upp nýtt verk á hverju sumri síðustu átta ár og eru Stígvélaði kötturinn, Mjallhvít, Rauðhetta, og Dýrin í Hálsaskógi meðal þeirra verka sem hópurinn hefur áður ferðast með um landið og leikið fyrir börn og fullorðna síðustu sumar. Fyrsta sumarið sýndu þau Dýrin í Hálsaskógi en eftir það hefur verið sýnt frumsamið verk upp úr þekktum ævintýrum á hverju sumri.

Sýningin stendur í um það bil klukkutíma en Lotta mælir með því að foreldrar taki myndavélina með því eftir sýningu geta börnin fengið að kynnast persónunum, skoða munina sem notaðir eru í sýningunni og láta taka af sér myndir með uppáhaldsvini sínum úr Ævintýraskóginum hans Hróa Hattar.



Hrói Höttur er aðalpersónan í leikriti Leikhópsins Lottu en Þyrnirós kemur líka við sögu.



Eftir sýningu geta börnin fengið að kynnast persónunum.

Sex leikarar fara með hlutverkin tólf í Hróa Hetti eftir Önnu Bergljótu Thorarensen og félagar hennar í Leikhópnum Lottu.



→ **BARNADAGSKRÁ**

Frábært að vera barn á Edrúhátíðinni

„Það er frábært að vera barn á Edrúhátíðinni,“ segir Rúnar Freyr Gíslason, viðburðastjóri hjá SÁÁ, um barnadagskrána á Edrúhátíð. „Þarna verður stanslaus dagskrá fyrir börn á öllum aldri.“

Það verður mest um að vera fyrir krakkana á laugardegnum. Þá mætir Íþróttalfurinn á svæðið. Líka verður haldið sérstakt íþróttamót barnanna með þrautabraut og leikjum. Keppt verður í barnaflokk í knattspyrnu á battavellinum á Lauglandi. Svo verður farið í Fjölskyldubrennó og haldið barnaball með Sniglabandinu og Berglindi Björk



og síðan verður söngkeppni barna. Töframaðurinn ungi, Jón Arnór, ætlar líka að troða upp, að ógleymd-

um Leikhópnum Lottu, en sýning Lottu á Hróa Hetti verður síðdegis á sunnudeginum.


Þrautabraut á Íþróttamóti barnanna

Hvað: Íþróttamót barnanna.

Hvænær: Laugardagur.

Klukkan: 12.30.

Það er fastur liður á Edrúhátíð að halda Íþróttamót barnanna. „Það verður þrautabraut og brennubolta-mót og svo verður farið í leiki,“ segir María Carmen Magnúsdóttir íþróttfræðingur. Hún skipuleggur keppnina, þrautirnar og leikina af sinni alkunnu fagmennsku. „Það verður mikið stuð, eins og í fyrra,“ segir María Carmen.



DAGSKRÁ VERSLUNARMANNAHELGARINNAR Á LAUGALANDI 1. - 4. ÁGÚST

FÖSTUDAGUR

- 16.00** Veitingatjald opnar. Gautaborgarar, Haffapylsur, Tótunammi, Kelagos og ÖnnuRósukaffi til sölu alla helgina - Planíð
- 19.30** Fjölskyldubrandarabingó í umsjá Þorsteins Guðmundssonar grínista - Íþróttahús
- 21.00** Benni Hemm Hemm - Íþróttahús
- 22.00** Sísý Ey Acoustic - Íþróttahús
- 23.00** Mammút - Íþróttahús
- 23.00** Kvöldhugleiðsla - Herbergi andans
- 24.00** 12 spora fundur - Herbergi andans
- 24.00** DJ set - Íþróttasalur

LAUGARDAGUR

- 8.30-10** Morgunmatur - Matsalur
- 9.00** Indjánadans - Erna Jóhannsdóttir - Íþróttasalur
- 10.00** Kundalini Yoga og Gong-hugleiðsla - Íþróttasalur
- 11.00** Íþróttálfurinn úr Latabæ mætir á svæðið - Íþróttasalur
- 11.30** Zúmba með Gabi - Íþróttahús
- 9.00 - 16.00** Heilsusetrið: Herðanudd, ilmkjarnaoliur, heilun ofl. - Miðgarður
- 10-16** Fótballamat - Battavöllur
- 10-18** Spákona - Planíð

- 11.00** 12 sporafundur - Herbergi andans
- 12-13.30** Hádegismatur - Matsalur
- 12.00** Sober Riders MC aka um með börnin - Planíð
- 12.30** Íþróttamat barnanna - þrautabraut og fleira í umsjá Maríu Carmen Íþróttakennara - Túníð
- 14.00** Fjölskyldubrennó - Battavöllur
- 16.00** 12 sporafundur - Herbergi andans
- 15.00** Barnaball Sniglabandsins og Bergindar Bjarkar - Jón Arnór töframaður - Íþróttasalur.
- 16.30** Söngkeppni barna - Íþróttasalur.
- 16.00** Gong-hugleiðsla - Matsalur
- 18-19.30** Kvöldmatur - Matsalur

LAUGARDAGSKVÖLD

- 20.00** Helgi Valur Ásgeirsson - Íþróttasalur
- 21.00** Markús Bjarnason - Íþróttasalur
- 22.00** Sniglabandið Dansiball, úrslit Söngkeppni - Íþróttasalur
- 24.00** DJ Katla - Íþróttasalur
- 24.00** 12 sporafundur

SUNNUDAGUR

- 8.30-10** Morgunmatur - Matsalur
- 9.00** Indjánadans - Erna Jóhannsdóttir - Íþróttasalur
- 10.00** Morgunhugleiðsla - Íþróttasalur
- 10.30** Kundalini Yoga og Gong hugleiðsla - Íþróttasalur

- 9.00 - 16.00** Heilsusetrið: Herðanudd, ilmkjarnaoliur, heilun ofl. - Miðgarður
- 11.00** 12 sporafundur - Herbergi andans
- 12-13.30** Hádegismatur - Matsalur
- 13.30** Afraunakeppni Guðfinns Snæs - Túníð
- 13.45** Fyrirlestur Eddu Björgvinsdóttur - Erum við eitrefnaúrgangs-rusla-skrímsli? - Matsalur
- 15.00** 5 rytmadans Sigurborgar - Íþróttasalur
- 16.00** Leiksýningin Hrói Höttur. Leikhópurinn Lotta - Túníð
- 16.00** 12 spora-speakerafundur - Matsalur
- 18-19.30** Kvöldmatur - Matsalur

SUNNUDAGSKVÖLD

- 19.15** Æðruleysisguðþjónusta í umsjá Davíðs Þór Jónssonar guðfræðings og KK - Íþróttahús
- 20.15** Kristján Hrnannar og Nína Salvarar - Íþróttasalur
- 21.00** KK og Maggi Eiriks - Íþróttasalur
- 22.15** Dimma - Íþróttasalur
- 23.30** Brekkusöngur og varðeldur - Túníð
- 24.00** 12 sporafundur - Herbergi andans
- 24.00** Terroridisco (DJ set) - Íþróttasalur

Áðgangseyrir 6000 krónur fyrir alla helgina / Dagpassar 2500 krónur / Ókeypis fyrir 14 ára og yngri / ÖLL VÍMUEFNI BÖNNUÐ / Leiðarlýsing frá Reykjavík: Keyrt austur fyrir fjall, yfir Helliheiði og framhjá Hveragerði og í gegnum Selfoss, yfir Þjórsárbrú og við Landvegamat er beygt til vinstri (merkt Galtalækur). Örfáum mínútum síðar blasir fallega Laugalandið við. Þetta eru um 90 km.

VIÐ ÞÖKKUM EFTIRTÖLDUM AÐILUM VEITTAN STUÐNING

Reykjavík
Verðbréfaskráning Íslands hf
Umslag ehf
Verslunartækni ehf
ASK Arkitektar ehf
Danica sjávarafurðir ehf
Faxaflóahafnir sf
Þorsteinn Bergmann ehf
Gjögur hf
Knattspyrnusamband Íslands
Nýi öskuskólinn ehf
Yndisauki ehf
Alþýðusamband Íslands
Efling stéttarfélag
Landssamband lögreglumanna
Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu
Pixel ehf
Vernd, fangahjálpi
Hitastýring hf
Suzuki-bílar hf
Tölvar ehf
Á.T.V.R. - bt: fjármálastjóra
Blikksmiðurinn hf
Orkuvirki ehf
Ó. Johnson & Kaaber ehf
Ósal ehf
Samhjálpi
Samtök starfsmanna fjármálaframtækja, SSF
Vagnar og þjónusta ehf
DGJ Málningarþjónusta ehf
Íslenska Gámafélagið ehf
J. S. Gunnarsson hf
Landsnet hf
Loftstokkahreinsun ehf
Rafsvið sf
Tannvernd ehf
Íslandsbanki hf, útibú 526
Seltjarnarnes
Falleg gólf ehf - parketþjónusta

Kópavogur
ALARK arkitektar ehf
Lónvélar ehf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Söluturninn Smári
Vaki fiskeldiskerfi hf
Guðjón Gíslason ehf
Garðabær
Garðabær
Marás ehf
Vörumerking ehf
Hafnarfjörður
Bókhaldstofan ehf
Ferskfiskur ehf
Hagtak hf
Héðinn Schindler lyftur hf
Hvalur hf
Rafrún ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
Fínþúsning ehf
Stekkur ehf
Umbúðamiðlun ehf
Álftanes
Eldvarnarþjónustan ehf
Reykjanesbær
Nesraf ehf
Reykjanesbær
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Suðurflug ehf
Íslenska félagið ehf - Ice Group
Grindavík
Marver ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf
Reykjanesbær
Sinnfiskur ehf
HS Orka hf
Mosfellsbær
G.K. Viðgerðir ehf

Laxnes ehf
Nonni litli ehf
Sæbúð ehf
Borgarnes
Tannlæknastofa Hilmis ehf
Vatnsverk-Guðjón og Árni ehf
Stykkishólmur
Jónatan Sigtrygsson
Hellissandur
Breiðavík ehf
Reykholahreppur
Guðjón Gunnarsson
Ísafjörður
Ráðgjafa- og nuddsetrið ehf
Akstur og löndun ehf
Bolungarvík
Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskmarkaður Bolungarv. og Suðureyrar ehf
Súðavík
VÁ VEST, fél um vímuefnaforvarn
Flateyri
Sytra ehf
Patreksfjörður
Albína
Tálknafjörður
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Bíldudalur
Hafkalk ehf
Þingeyri
Sveitasæla ehf
Norðurfjörður
Hótel Djúpvík ehf
Hvammstangi
Villi Valli ehf
Skagaströnd
Sveitarfélagið Skagaströnd
Sauðárkrúkur
Kaupfélag Skagfirðinga
K-Tak ehf

Akureyri
Ísgát ehf
Pípulagnaþj. Bjarna Fannberg Jónasson ehf
Sólsgógar ehf bt: Katrín Ásgrímsdóttir
Tannlæknastofa Árna Páls Halldórssonar
Gróðrarstöðin Réttarhóll
Grimsey
Sæbjörg ehf
Ólafsfjörður
Árni Helgason ehf
Húsvík
Vermir sf
Egilsstaðir
AFL - Starfsgreinafélag Austurlands
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Fijótsdalshérað
Rafbrá
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Höfn í Hornafirði
Vélsmiðjan Foss ehf
Selfoss
Samtök sunnlenskra sveitafélaga
Grís og flex ehf
Hveragerði
Eldhestar ehf
Hveragerðiskirkja
Hvolsvöllur
Bu.is ehf
Eldstö ehf
Vík
Mýrdælingur ehf
Vestmannaeyjar
Fræðslu/símenntunarmiðstö VE ses
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Langa ehf
Tvísturinn ehf
Bessi ehf

112
EINN EINN TVEIR

Íslandsspil

samskip

TÆKJALEIGA
TÆKI.IS

Café Bleu

VERKSÝN

FASTUS

NÝHERJI

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

SFR
STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNARÞJÓNUSTU

EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM

Ríkið greiðir 60% en 80% hjá öðrum sjúklingum

Samkvæmt hagtölum greiðir ríkissjóður fyrir um 80% af almennri heilbrigðisþjónustu í landinu en sjúklingar sjálfir standa undir um 20% af kostnaði.

Þetta á við um alla hópa nema áfengis- og vímuefnasjúklinga. Um 60% af kostnaði við þá heilbrigðisþjónustu sem SÁÁ veitir á sjúkrahúsinu Vog, á meðferðarstöðvunum á Staðarfelli og á Vík og á göngudeildum í Reykjavík og á Akureyri, eru greidd úr ríkissjóði.

Sjúklingarnir sjálfir greiða um 20%, með gjöldum sem innheimt eru á göngudeildum og á Staðarfelli og Vík.

Samtökin sjálf þurfa hins vegar að bera um 20% af kostnaðinum og er það fé greitt með söfnunarfé, bæði af álfasölu og öðrum styrktarframlögum fyrirtækja og einstaklinga.

Engar skýringar hafa fengist á því hvers vegna einn hópur sjúklinga í landinu – áfengis- og vímuefnasjúklingar – njóta ekki sama réttar og aðrir hópar sjúklinga innan íslenska heilbrigðiskerfisins.

500 innlagnir á kostnað samtakanna

Að jafnaði hafa innlagnir á sjúkrahúsið Vog verið um 2.300 á hverju ári. Síðustu ár hafa framlög ríkisins verið skorin niður ár frá ári. Þau duga ekki fyrir kostnaði. Fátt bendir til að ríkið ætli sér að auka framlögin og bæta það sem vantar upp á að ráðuneytið hafi staðið við sinn hluta í gildandi þjónustusamningi.

Eftir því sem dregið hefur úr framlögum ríkisins hafa samtökin lagt meira fé í reksturinn til þess að tryggja óbreytta þjónustu. Vegna þessa má segja að um 500 innlagnir af 2.300 innlögnum hvers árs hafi verið greiddar af sjálfsafla samtakanna.

Þessi niðurgreiðsla SÁÁ á lögbundinni heilbrigðisþjónustu hefur valdið uppsöfnuðum halla sem íþyngir rekstri samtakanna. Óbreytt staða gengur ekki til lengdar. Vegna þess hefur SÁÁ þurft að taka þá ákvörðun að fækka innlögnum í um 1.800 á þessu ári.

50-80 milljarða byrði

Áætlað hefur að árleg fjárhagsleg byrði íslensks samfélags af neyslu áfengis og vímuefna sé 50-80 milljarðar króna. Þyngsti baggin er framleiðslutap þjóðfélagsins vegna þeirra sem falla frá fyrir aldur fram vegna sjúkdóma, slysa eða ofbeldis sem tengjast neyslu og hinna sem eru óvinnufærir um lengri eða skemmri tíma vegna sjúklegrar neyslu.

2,5% drekka 26% af öllu áfengi

Samkvæmt rannsóknunum drekka 2,5% þeirra sem kaupa áfengi 26% af öllu áfengismagni. Þetta er veikustu alkóhólistarnir. Þessi hópur eru þeir áfengis- og vímuefnasjúklingar sem eru í mestri neyslu. Hlutfallslega langstærsta hluta eftirspurnarinnar eftir áfengi má rekja til þess hóps. Rannsóknir benda til að telja megi um 80% af því fólki sem kaupir áfengi til svokallaðs hófdrykkjufólks. Sá fjölmenni hópur drekkur hins vegar aðeins um 12% af öllu áfengi sem selt er. Áfengisdrykkjan skaðar ekki hófdrykkjufólkið enda er það ekki haldið sjúkdómi áfengis- og vímuefnafiknar. En áfengið leggur í rúst heilsu og líf þess minnihluta sem haldinn er þessum sjúkdómi. Það er sá hópur sem kaupir um 88% af öllu áfengi.

→ **ENDURKOMUSJÚKLINGAR SÁÁ MEÐ MÓTADAR OG RAUNHÆFAR HUGMYNDR UM LANGTÍMAÚRRÆÐI**

Boltinn er hjá stjórnvöldum



Vík á Kjalarnesi. SÁÁ á talsvert land við meðferðarstöðina Vík og liggur fyrir deiliskipulagstillaga að allt að 36 íbúða búsetu- og meðferðarúrræði fyrir endurkomusjúklinga sem þurfa meiri þjónustu en hægt er að veita með núverandi meðferð. Mynd/Spessi



Til er samþykkt deiliskipulag fyrir sérhannað búsetuúrræði með einstaklingsíbúðum fyrir fólk úr þessum hópi sem SÁÁ vill byggja á landi sínu við Vík á Kjalarnesi.

SÁÁ hefur lengi reynt að fá stjórnvöld til samstarfs um langtíma meðferðarúrræði fyrir þá endurkomusjúklinga sem gengur erfiðleika að ná langtímaeðrumennsku og þurfa meiri þjónustu að lokinni afeitrun en hægt er að veita með núverandi meðferð.


Til er samþykkt deiliskipulag fyrir sérhannað búsetuúrræði með einstaklingsíbúðum fyrir fólk úr þessum hópi sem SÁÁ vill byggja á landi sínu við Vík á Kjalarnesi, takist samstarf við ríki og sveitarfélög um rekstur. SÁÁ lauk við skipulagsvinnu og fjármögnun fyrir sitt leyti á árinu 2008 og var málið þá komið á það stig að hægt hefði verið að hefja framkvæmdir með skömmum fyrirvara. Af því varð ekki vegna áhugaleysis ráðuneytis og sveitarfélaga á því að taka þátt í rekstri slíks úrræðis.

Um 200 þurfa sérstakt úrræði

Líklega er það um 200 manna hópur, sem svona er ástatt um. Þetta er oft rosíkið fólk, sem á fjölmargar meðferðir að baki. Það býr við lélega líkamlega og andlega heilsu, erfiða félagslega stöðu og litla félagslega færni.

Þótt núverandi meðferð á Vog henti flestum sem þangað koma er hún of krefjandi fyrir þennan hóp. Hann þarf sérstök úrræði sem ekki eru í boði en sem eðlilegt er að SÁÁ veiti. Slíku úrræði þarf að koma á fót til þess að koma í veg fyrir að aftur og aftur þurfi að útskrifa þessa einstaklinga úr meðferð eða af öðrum sjúkrastofnunum inn í vonlitlar félagslegar aðstæður þar sem þeir njóta ekki nauðsynlegs stuðnings og þjónustu og eiga þess vegna litla eða enga möguleika á að framlengja sinn edrúttíma sem neinu nemur að lokinni afeitrun og/eða venjulegri meðferð.

Samtökin hafa lagt í mikið starf til



Teikning arkitekts af einstaklingsíbúð í úrræði sem SÁÁ hefur látið skipuleggja við Vík.

þess að undirbúa sérstakt úrræði fyrir fólk í þessari stöðu en undirtektir hafa hingað til verið engar. SÁÁ hóf undirbúning árið 2003.

SÁÁ lét ASK arkitekta gera deiliskipulag og hanna íbúðir fyrir einstaklinga við meðferðarheimilið Vík á Kjalarnesi sem stendur á eignarlandi SÁÁ með samþykktum byggingarrétti. Hugmyndin er að reka þar heimili með langtíma stuðningi þar sem í boði yrði nauðsynleg heilbrigðisþjónusta og félagsleg þjónusta þannig að þessi sjúklingahópur gæti búið við þær mannsæmandi aðstæður sem eru forsenda fyrir því að langt gengnir alkóhólistar geti náð langtímaeðrumennsku.

Búseta og meðferð fyrir allt að 36 manns

Deiliskipulagsuppráttur lá fyrir í ágúst

2007 og frumteikningar arkitekts að alls 36 íbúðum ásamt byggingum með sameiginlegu rými lágu fyrir í september 2008. Gert var ráð fyrir að framkvæmdir yrðu í tveimur áföngum og að 18 íbúðir yrðu byggðar í hvorum áfanga. Hver íbúð er rúm 30 fermetrar, auk sameignar.

Á þeim tíma lá fyrir vilyrði frá Íbúðalánasjóði um lánveitingar á sömu kjörum og veitt eru til byggingar á félagslegu leiguhúsnæði. SÁÁ hafði gert áætlanir um hvernig staðið yrði að nauðsynlegri eiginfjármögnun við framkvæmdina og var ekkert að vanbúnaði að halda áfram með verkefnið.

Hugmyndin var sú að um félagslegt búsetuúrræði yrði að ræða og að borgin styddi íbúa vegna húsnæðiskostnaðar með sambærilegum hætti og í öðru slíku húsnæði. Einnig var gert ráð fyrir öðrum félagslegum stuðningi sem sveitarfélögum ber að veita.

Einnig er nauðsynlegt að semja um þá þjónustu sem heilbrigðisstarfsfólk SÁÁ, þ.e.a.s. lækningar sem starfa hjá samtökunum, hjúkrunarfræðingar og annað heilbrigðisstarfsfólk veitir íbúum með reglulegum hætti.

Boltinn er hjá stjórnvöldum

Eins og fyrr sagði bærust hvorki svör frá ríki né borg við itrekuðum erindum samtakanna.

SÁÁ er ekkert að vanbúnaði að hefjast handa á grundvelli þeirra raunhæfu og vel mótuðu hugmynda sem kynnt hafa verið stjórnvöldum. Samtökin telja sig öðrum fremur til þess fallin að annast þjónustu við þennan hóp sjúklinga og eru eins og áður tilbúin til viðræðna við stjórnvöld um málið. Hægt verður að hrinda verkefninu í framkvæmd á skömmum tíma ef vilji er til þess af hálfu stjórnvalda. Boltinn er hjá heilbrigðisráðuneytinu og Reykjavíkurborg.



Arnhjör Jónsson, formaður SÁÁ.

Ríkið borgar skimum fyrir alla aðra en sjúklinga á Vogu

Allir áfengis- og vímuefnasjúklingar, sem hafa sprautað sig í æð og leggjast inn á sjúkrahúsið Vog til afeitrunar og meðferðar, eru skimaðir við HIV og lifrabólgu. SÁÁ greiðir kostnað við skimunina af söfnunarfé samtakanna.

Tilraunir til að fá ríkið til að greiða kostnað af skimun þessa sjúklingahóps á sama hátt og annarra hafa ekki borið árangur og virðist engu skipta þótt bæði landlæknir og sóttvarnalæknir hafi lýst því yfir að skimunin sé nauðsynleg og að þeir telji rétt að ríkið greiði kostnaðinn.

„Á hverju ári greinast nokkur tilfelli HIV og/eða lifrabólgu hjá sjúklingum á Vogu,“ segir Arnhjör Jónsson, formaður SÁÁ. „Það skiptir miklu máli að greina þessa alvarlegu sjúkdóma eins fljótt og kostur er. Það er mjög mikilvægt fyrir batahorfur og lífsgæði sjúklinga að fá sjúkdómsgreiningu sem fyrst því eftir því sem þessir sjúkdómar þróast því erfiðari verður meðferðin fyrir sjúklingana og dýrari fyrir heilbrigðiskerfið. Með því að greina sjúkdóminn snemma er til dæmis hægt að koma í veg fyrir að lifrabólgu sjúklingar þurfi að gangast undir lifrarskipti

með þeirri áhættusömu og dýru meðferð sem því fylgir.“

Smithættan er mest meðan sjúklingar eru einkennalausir og það dregur úr smithættu að greina sjúkdóminn sem fyrst en smit berst oftast á milli þegar sprautufiklar nota sömu nálna.

Jafnrétti sjúklinga

„Reynslan bendir til þess að nær allir sjúklingar á Vogu sem greinast með HIV eða lifrabólgu smit breyti hegðun sinni eftir greiningu. Bæði aukast líkur á að þeir nái bata við áfengis- og vímuefnafíkn og eins heyrir það til undantekninga að þeir sem greinst hafa með HIV eða lifrabólgu smit haldi áfram að deila sprautunálum með öðrum fíklum ef þeir vita að þeir eru sjálfir smitberar,“ segir Arnhjör.

„Það er spurning um jafnrétti að þeir sjúklingar sem leggjast inn á Vog vegna áfengis- og vímuefnasjúkdóma eigi sama rétt á heilbrigðisþjónustu og aðrir sjúklingahópar sem eru skimaðir við þessum alvarlegu sjúkdómum á öðrum sjúkrahúsum í landinu, til dæmis á slysa- og bráðadeild Landspítala,“ segir Arnhjör Jónsson, formaður SÁÁ.

→ VOGUR NÝ ÁLMA KOMIN Í NOTKUN MEÐ 11 RÚMUM Í SEX SJÚKRASTOFUM



Svona lítur Vogur út eftir að nýja viðbyggingin, lengst til vinstri á myndinni, hefur verið tekin í notkun. Mynd/Spessi

Stórbætt aðstaða fyrir veikustu sjúklingana

Ný álma við sjúkrahúsið Vog var tekin notkun í júní. Þar eru sex sjúkrastofur með nýjum og fullkomnum sjúkrarúmum fyrir ellefu sjúklinga. Einnig er í nýju álmunni stórendurbætt aðstaða fyrir hjúkrunarvakt og lyfjageymslu sjúkrahússins. Byggingin er að öllu leyti fjármögguð með fé sem velunnarar SÁÁ létu af hendi rakna og án nokkurra útgjalda af hálfu opinberra aðila.

„Þessi álma er ætluð veikustu sjúklingunum á Vogu,“ segir Arnhjör Jónsson, formaður SÁÁ. „Það eru meira en 30 ár eru frá því Vogur var byggður og frá þeim tíma hafa meira en 24.000 einstaklingar lagst þar inn. Þótt byggingin sé mjög vel heppnuð og hentug er hún barn síns tíma. Sjúklingahópurinn á Vogu hefur breyst mikið á þessum 30 árum.“

„Það er mun meira um það nú en var þegar Vogur var byggður fyrir meira en 30 árum að inn á sjúkrahúsið leggjast mjög veikir sjúklingar sem þurfa meiri umönnun og aðhlynningu en gert var ráð fyrir að þyrfti að veita á Vogu þegar spítalinn var byggður. Oft er þetta eldra fólk sem er hreyfihlað og á erfitt með að sinna sjálfu sér.“

„Fyrsta skóflustungan var tekin 13. september 2013 og byggingin var tekin í notkun 9. júní,“ segir Arnhjör Jónsson.

Samtökin fengu höfðinglega gjöf

„Allar áætlanir vegna framkvæmdarinnar stóðust fullkomlega, bæði hvað varðar kostnað og framkvæmdatíma. Þetta verkefni var að öllu leyti fjármagnað með styrkjum frá velunnurum samtakanna. Við réðumst í sérstakt söfnunaráttak vegna þessara framkvæmda undir yfirskriftinni Áfram Vogur og fengum góðar undirtektir. Einnig barst SÁÁ höfðingleg gjöf upp á 50 milljónir króna frá manni, sem ekki vill láta nafns síns getið, en vildi með gjöfinni tjá þakklæti sitt fyrir starfsemi SÁÁ.“

„Ríkið og aðrir opinberir aðilar lögðu ekki fram krónu til þessara framkvæmda,“ segir Arnhjör Jónsson.



Einar Hermannsson, formaður Styrktarsjóðs SÁÁ, og Theódór Hermannsson, formaður byggingarnefndar Vogs.



Nýju sjúkrastofurnar eru búnar fullkomnum sjúkrarúmum sem Styrktarsjóður SÁÁ gaf.

„Frá því SÁÁ voru stofnuð hafa samtökin byggt og keypt húsnæði undir starfsemi sína. Alla tíð hefur þetta að langmestu leyti verið gert fyrir sjálfsaflafé og án nokkurrar aðkomu frá opinberum aðilum. Þetta hefur okkur tekist með mikilli vinnu þeirra mörgu sjálfboðaliða, sem vinna óeingingjarnt starf í þágu SÁÁ.“

Búnaður nýju álmunnar var einnig greiddur með fé sem safnast hefur í Styrktarsjóð SÁÁ. Þar á með-

al er um að ræða ellefu fullkomin sjúkrarúm sem henta vel fyrir þarfir þeirra sjúklinga sem verða vistaðir í nýju álmunni.

Nýja álman er hönnuð af Gunnari B. Borgarssyni, arkitekt hjá ASK arkitektum. SS verktakar sáu um framkvæmdir. Theódór S. Halldórsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri SÁÁ, sem nú situr í framkvæmdastjórn samtakanna, var formaður byggingarnefndar samtakanna, sem hafði umsjón með framkvæmdunum fyrir hönd SÁÁ.



SÁÁ lét framleiða nokkur eintök af Ofur-Álfum í yfirstærð fyrir fyrirtæki og aðra þá sem styrktu samtökin með óvenjulega rausnarlegum hætti í tengslum við álfasölu. Ragna Árnadóttir, aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar, tók við Ofur-Álfi frá Arnhjóri Jónssyni formanni SÁÁ.

Sýndu stuðning í verki

Álfasala SÁÁ 2014 gekk mjög vel og seldust um 35.000 álfar, fleiri en nokkru sinni fyrr á þeim 25 árum sem SÁÁ hefur notað þessa aðferð til fjárflounar.

„Álfasalan er einn skemmtilegasti tími ársins í starfi okkar hjá SÁÁ. Enn og aftur sýndu Íslendingar stuðning sinn í verki. Það er okkur mikil og góð hvatning. Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu okkur lið með því að kaupa álfinn,“ segir Arnhjör Jónsson, formaður SÁÁ.

Verðmætasköpun fyrir samfélagið

„Hjá SÁÁ er stunduð mikilvæg verðmætasköpun fyrir samfélagið og hún felst í því að hjálpa fólki að losna úr viðjum fíknisjúkdóms og

komast til virkrar þátttöku í samfélaginu. Heilbrigðisþjónusta og meðferð eins og sú sem SÁÁ veitir áfengis- og vímuefnasjúklingum er besta og hagkvæmasta leiðin fyrir samfélagið til að draga úr þeim mikla kostnaði sem sjúkleg áfengisneysla veldur,“ segir Arnhjör Jónsson, formaður SÁÁ.

Um 1.200 manns unnu við að selja álfinn um land allt. Margir þeirra voru fulltrúar frá íþróttafélögum eða öðrum félagsamtökum sem nýttu sölulaunin til að greiða kostnað við keppnisferðir eða annað félagsstarf. Sem dæmi um íþróttafélög sem tóku þátt í álfasölu á þessu sinni má nefna Hauka, FH, Breiðablik, Fram, Gróttu, KR, Ármann, Val, Aftureldingu, Stjórnuna, Leikni og Fjölni.



EINGÖNGU SÉRVALIÐ HRÁEFNI

NÝTT

PREMIUM

PIZZUR

Premium pizzur Domino's verða til þegar pizzubakararnir okkar fara fram úr sjálfum sér, í jákvæðum skilningi, svo úr verða framúrskarandi pizzur. Við fengum listakokkinn **Hrefnu Sætran** til samstarfs og hún töfraði fram tvær af Premium pizzum okkar, Bröns og Prima.

Prófaðu Premium pizzurnar okkar, þær gera góðan matseðil okkar enn fjölbreyttari.

BRÖNS



MEAT DELIGHT



ELDÓRADÓ



PRIMA



Ferskt spínat, úrvals beikonsneiðar, sérvalin steikarpýlsa og egg

Samsett af

Hrefnu Sætran



Úrvals beikonsneiðar, sérvalin steikarpýlsa, rjómaostur, piparostur og chiliflögur.



Hvítlaukspizzubotn, hvítlauksolía í stað pizzusósu, rjómaostur, úrvals beikonsneiðar, pepperoni, jalapeno og chiliflögur. Þessi rífur aðeins í.



Pepperoni, safaríkir kirsuberjatómatar, ferskur mozzarella, úrvals beikonsneiðar, basilpestó og svartur pipar.

Samsett af

Hrefnu Sætran

WWW.DOMINOS.IS

[DOMINO'S APP](#)

SÍMI 58 12345